HÓLASANDSLÍNA 3

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

9. júlí 2019

HORNSTEINAR ARKITEKTAR INGÓLFSSTRÆTI 5 101 REYKJAVÍK SÍMI 5117011 www.hornsteinar.is

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur 4
1.1 Aðdragandi og markmið 5
1.2 Matsskylda 5
1.2.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda 5
1.3 Skipulagslýsing 5
2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR 7
2.1 Landsskipulagsstefna 7
2.2 Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 7
2.3 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 9
2.4 Kerfisáætlun Landsnets 12
2.5 Hólasandslína 3 – Matsskýrsla 13
2.6 Stefna stjórnvalda 13
3 AÐALSKIPULAGSBREYTING 14
3.1 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 14
4 STAÐHÆTTIR 17
4.1 Staðhættir 17
4.1.2 Eignarhald á landi 17
4.1.2 Staðhættir legu Hólasandslínu 3 17
5 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA 18
5.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda 18
5.2 Skipulagskostir 18
5.2.1 Aðalvalkostur 18
5.3.2 Leiðarval aðalvalkostar 19
5.3.3 Aðrir valkostir 22
5.3.4 Efnistökusvæði 25
5.4 Heildaráhrif 29
6 SKIPULAGSFERLIÐ 30
6.1 Skipulagsgögn 30
6.2 Kynning og samráð 30
6.3 Umsagnaraðilar 30
6.4 Tímaáætlun (drög) 31
7. HEIMILDASKRÁ 32

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Yfirlitsmynd - Tillaga að breytingu aðalskipulags Þingeyjarsveitar.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 4
Mynd 2. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022.
(Heimild : Febrúar 2011. Hornsteinar arkitektar og Mannvit) 6
Mynd 3. Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.
(Heimild : Teiknistofa Arkitekta og VGK Hönnun) 8
Mynd 4. Núverandi efnistökustaðir skv. gildandi aðalskipulagi.
(Heimild : Febrúar 2011. Hornsteinar arkitektar og Mannvit) 10
Mynd 5. Núv. og fyrirhugaðar háspennulínur skv. gildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.
(Heimild : Febrúar 2011. Hornsteinar arkitektar og Mannvit) 11
Mynd 6. *Kerfisáætlun Landsnet 2018-2027.*
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 12
Mynd 7. Efnistökusvæði - Yfirlitsmynd.
(Heimild : Febrúar 2011. Hornsteinar arkitektar og Mannvit) 16
Mynd 8. Horft yfir Eyjardal og Bárðardal til norðurs.
(Heimild :Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets).....17
Mynd 9. Fyrirhuguð lega Hólasandslínu 3 samkvæmt aðalvalkosti Landsnets.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 19
Mynd 10. Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 í Fnjóskadal.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 20
Mynd 11. Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 um Hellugnúpsskarð milli Fnjóskadals og Bárðardals.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 20
Mynd 12. Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 um Bárðardal, Fljótsheiði og Reykjadal.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 21
Mynd 13. Aðalvalkostur Hólasandslínu 3, þverun Laxárdals.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 21
Mynd 14. Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 á Hólasandi. *(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets)* 22
Mynd 15. Valkostur norðan Bíldsá.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 23
Mynd 16. Loftlínukostur norður í Laxárdal.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 23
Mynd 17. Jarðstrengskostur í Laxárdal (LA-J).
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 24
Mynd 18. Jarðstrengskostur í Laxárdal (LA-JU).
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 24
Mynd 19. Yfirlit yfir efnistökustaði í mati á umhverfisáhrifum vegna Hólasandslínu 3.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 25

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Ákvæði gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi varðandi Hólasandslínu 3.....14
Tafla 2. Samantekt valkosta, sem lagðir eru fram í til mats á umhverfisáhrifum
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 22
Tafla 3. Áætlað efnismagn og efnistökusvæði sem skoðuð voru í tengslum við umhverfismat.
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets) 28
Tafla 4. Samanburður valkosta og rökstuðningur fyrir aðalvalkosti 29
(Heimild : Hólasandslína 3. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets)
Tafla 5. Tímaáætlun (Drög) 31

1 INNGANGUR

Sveitastjórn Þingeyrarsveitar áformar að vinna breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, vegna fyrirhugaðra framkvæmda við **Hólasandslínu 3**. Línuleiðin liggur um fjögur sveitarfélög: Akureyrarkaupstað, Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepp.

Ráðgert er að **Hólasandslína 3** verði lögð innan sveitarinnar sem loftlína - að mestu samhliða núverandi **Kröflulínu 1 -**, sem er í megindráttum í samræmi við gildandi aðalskipulag Þingeyjarsveitar.

Í aðalvalkosti Landsnets, *s*em lagður er fram í matsskýrslu[1] víkur lega línunnar frá gildandi aðalskipulagi á þremur stöðum : *í Bíldsárskarði, Fnjóskadal og Laxárdal.* Hefur Landsnet óskað eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar í samræmi við *aðalvalkost.*



Mynd 1
Yfirlitsmynd.
Tillaga að breytingu aðalskipulags Þingeyjarsveitar. Mörk breytinga/svæða er sýnd með rauðum hring.

[1] **Hólasandslína 3**. 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. **Matsskýrsla**. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets.

1.1 Aðdragandi og markmið

Landsnet áformar að reisa 220 kV raflínu, **Hólasandslínu 3**, milli Akureyrar og Hólasands. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdin er matsskyld skv. tl. 3.08. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum.

1.2 Matsskylda

1.2.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Í 1. viðauka laganna eru taldar upp þær framkvæmdir sem kunna að vera eða eru matskyldar. Þar sem **Hólasandslína 3** er háð mati á umhverfisáhrifum, fellur aðalskipulagsbreytingin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í umhverfismati áætlana skal meta hvaða áhrif skipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Hluti af því ferli er gerð matslýsingar, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig staðið verður að umhverfismatinu við breytingu á aðalskipulaginu. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Þar skal meta hvort þeir valkostir sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti.

1.3 Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin sem hér fylgir er í samræmi við Skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í lýsingunni eru settar fram megin áherslur vinnunnar, forsendur hennar, tengsl við aðrar skipulagsáætlanir og skipulagsferlið.



Mynd 2
Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við skipulagsgerðina verður sérstaklega horft til eftirfarandi áætlana :

2.1 Landsskipulagsstefna

Í kjölfar þess að þingsályktun um *landsskipulagsstefnu* var samþykkt á Alþingi í apríl 2016, var svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015 (staðfest 1999) fellt úr gildi. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 kemur *landsskipulagsstefna* í stað svæðisskipulagsins og tekur yfir stefnumótandi þætti þess.

Eftirtalin atriði stefnunnar eiga við um viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar. Vísað er í kaflanúmer í landsskipulagsstefnu.

2.5 ORKUMANNVIRKI OG ÖRUGG AFHENDING RAFORKU Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRU OG UMHVERFI

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

2.5.1 ORKUNÝTING OG RAFORKUFLUTNINGUR Í SKIPULAGSÁÆTLUNUM

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvarðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

2.2 Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025

Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 nær til háhitasvæða, línulagna og vega innan Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Í svæðisskipulaginu er tekið fram að vegna áforma um orkufrekan iðnað við Húsavík sé unnið að undirbúningi virkjunar háhitasvæðanna á Þeistareykjum og í Gjástykki ásamt frekari virkjunum við Kröflu og í Bjarnarflagi. Kynntar voru m.a. mögulegar leiðir háspennulína á svæðinu.

Svæðisskipulag Háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 var staðfest af umhverfisráðherra 16. janúar 2008. Kröflulína 4 hefur nú verið reist.



Mynd 3
Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

2.3 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Aðalskipulag Þingeyjarveitar 2010-2022 var staðfest 20 júní 2011. Í aðalskipulaginu segir eftirfarandi hvað varðar efnistöku og raforku :

EFNISTÖKUSVÆÐI [2]

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnisþörf til bygginga, vegagerðar og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að óþörfu. Lögð verði áhersla á góða umgengni og að fullnýttum svæðum verði lokað með uppgræðslu.

VEITUR [3]

4.12.1 Núverandi stofnkerfi:

Í Þingeyjarsveit eru fjórar háspennulínur sem teljast til stofnkerfis:

- **Laxárlína** (LA1, 66 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til suðvesturs yfir Múlaheiði og Fljótsheiði, þá eftir Ljósavatnsskarði og upp Vaðlaheiði að sveitarfélagamörkum og til Akureyrar.
- **Kópaskerslína** (KS1, 66 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til norðausturs yfir Langavatnsheiði að sveitarfélagamörkum, og þaðan að Kópaskeri.
- **Húsavíkurlína** (HU1, 33 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til norðurs meðfram Kísilvegi að sveitarfélagamörkum, og þaðan til Húsavíkur.
- **Kröflulína 1** (KR1, 132 KV) sem liggur frá Kröflu i Skútustaðahreppi, vestur yfir Fljótsheiði og Bárðardal um Hellugnúpsskarð niður í Fnjóskadal, eftir honum til norðvesturs og um Bíldsárskarð yfir í Eyjarfjarðarsveit.

Háspennulína Akureyri – Hólasandur/Krafla:

Uppbygging á nýrri háspennulínu Akureyri-Hólasandur (eða Akureyri-Krafla) er liður í því að byggja upp 220 kV orkuflutningskerfi sem nær til meginhluta landsins.

Akureyri-Hólasandur (220 kV) mun fylgja Kröflulínu 1 nánast alla leiðina. Á þessu stigi er ekki að fullu ljóst hvorum megin við gömlu línuna nýja línan verður. Á aðalskipulagsuppdrætti er miðað við núverandi línuleið Kröflulínu 1, og má nýja línan liggja innan við 300 m frá henni báðum megin.

Ath:
Það er álit Þingeyjarsveitar að komi Akureyri-Hólasandslína skuli athugað hvort hægt væri að tengja Laxárvirkjun við væntanlegt tengivirki á Hólasandi og losna við núverandi Laxárlínu 1 um Fljótsheiði og Ljósavatnsskarð.

[2] Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, kafli 4.11.

[3] Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, kafli 4.12.



Mynd 4
Núverandi efnistökustaðir skv. gildandi aðalskipulagi
*(*41 efnistökusvæðið; á Fljótsheiði bættist við síðar með breytingum á ASK).*



Mynd 5

Núv. og fyrirhugaðar háspennulínur skv. gildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022

2.4 Kerfisáætlun Landsnets

Áætluð framtíðarþróun flutningskerfis raforku á landsvísu er sett fram í kerfisáætlun Landsnets eins og kveðið er á um í raforkulögum. Í kerfisáætlun er m.a. fjallað um grunnforsendur fyrir áætlun, niðurstöður valkostagreininga, áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára og lýsingar á framkvæmdaverkum á þriggja ára tímabili.

Í Kerfisáætlun Landsnets **2018-2027** segir m.a. um **Hólasandslínu 3** að *„verkefnið felst í lagningu 220 kV raflínu á milli Rangárvalla á Akureyri og nýs tengivirkis á Hólasandi. Raflínan verður að mestu leyti byggð sem loftlína, en verður einnig lögð sem jarðstrengur á kafla. Í verkefninu felst einnig bygging nýrra 220 kV tengivirkja á Hólasandi og á Rangárvöllum á Akureyri“*.[4]

Í áætluninni er ráðgert að framkvæmdir við línuna hefjist síðari hluta árs 2019 og þeim ljúki um mitt ár 2021.



Mynd 6
Kerfisáætlun Landsnet 2018-2027

[4] (https://www.landsnet.is/library/Skrar/KerfisaAetlanir/2018-2027/Plakat).

2.5 Hólasandslína 3 – Matsskýrsla

Í umhverfismati Hólasandslínu 3 (mars 2019) er greint frá þeim valkostum sem til greina komu um útfærslu og legu línunnar; áhrif þeirra á umhverfi og samfélag og greint frá niðurstöðum mats. Fjallað er um leiðarval *aðalvalkostar*.

Aðalvalkostur Landsnets felst í lagningu um 10 km langs jarðstrengs í Eyjafirði og 62 km loftlínu þaðan að Hólasandi ásamt slóðagerð. Í matsskýrslu er fyrirhugaðri framkvæmd lýst og lagt mat á áhrif framkvæmdar á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í matsáætlun. Lagðar eru til mótvægisaðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar. Auk aðalvalkostar eru metin umhverfisáhrif nokkurra valkosta, bæði loftlínu- og jarðstrengskosta.

2.6 Stefna stjórnvalda

Meginflutingskerfi raforku (úrdráttur)
Í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða um hverfis- eða öryggissjónarmiðum. Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skuli í hverju tilviki fyrir sig meta hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið eða afmörkuðum köflum hennar á grundvelli viðmiða sem tíunduð eru í stefnunni.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022; skipulagsuppdrætti, skýringar-kortum og greinargerð (þ.m.t. umhverfisskýrslu), vegna breyttrar legu **Hólasandslínu 3** í samræmi við aðalvalkost Landsnets. Lega línunnar víkur frá gildandi aðalskipulagi á þremur stöðum (*í Bíldsárskarði*, *Fnjóskadal* og *þverun Laxárdals*). Vegna fyrirhugaðra framkvæmda eru tuttugu ný efnistökusvæði tilgreind innan sveitarinnar.

3.1 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar

Í töflu 1 er fjallað er um ákvæði gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðar breytingar. Frekari upplýsingar er að finna í gildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og matsskýrslu Hólasandslínu 3.

Tafla 1
Ákvæði gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi varðandi Hólasandslínu 3. Sundurliðun eftir efnisatriðum.

HÓLASANDLÍNA 3	
Gildandi aðalskipulag	**Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi**
Háspennulínur	
Í gildandi aðalskipulagi er fjallað um Hólasandslínu, en þar segir m.a. : Uppbygging á nýrri háspennulínu Akureyri-Hólasandur (eða Akureyri-Krafla) er liður í því að byggja upp 220 kV orkuflutningskerfi sem nær til meginhluta landsins. Núverandi byggðalína, Kröflulína 1 (132 kV), hefur takmarkaða flutningsgetu en hún mun þó standa áfram af öryggisástæðum. **Akureyri-Hólasandur** (220 kV) mun fylgja Kröflulínu 1 nánast alla leiðina. (Ef til kemur gerð tengivirkis á Hólasandi kemur til álita að tengja Kröflulínu 1 þar inn í staðinn fyrir tengingu að Kröflu). Á þessu stigi er ekki að fullu ljóst hvorum megin við gömlu línuna nýja línan verður. Á aðalskipulagsuppdrætti er miðað við núverandi línuleið Kröflulínu 1, og má nýja línan liggja innan við 300 m frá henni báðum megin. Línan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum, og er framkvæmdaleyfisskyld að hálfu Þingeyjarsveitar. **Ath**: Það er álit Þingeyjarsveitar að komi **Akureyri-Hólasandslína** skuli athugað hvort hægt væri að tengja Laxárvirkjun við væntanlegt tengivirki á Hólasandi og losna við núverandi Laxárlínu 1 um Fljótsheiði og Ljósavatnsskarð.	Aðalvalkostur Landsnets var valinn með hliðsjón af niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum ólíkra valkosta. Aðalvalkostur Landsnets felst í lagningu um 10 km langs jarðstrengs í Eyjafirði og 62 km loftlínu þaðan að Hólasandi ásamt slóðagerð. ***Bíldsárskarð*** Fyrirhuguð leið **Hólasandslínu 3** verður færð Í línuleið skv. aðalvalkosti Landsnets eins og lagt er til í matsskýrslu. ***Fnjóskadalur*** Fyrirhuguð leið **Hólasandslínu 3** verður færð í línuleið skv. aðalvalkosti Landsnets eins og lagt er til í matsskýrslu. ***Laxárdalur (þverun)*** Fyrirhuguð leið **Hólasandslínu 3** verður færð í línuleið skv. aðalvalkosti Landsnets eins og lagt er til í matsskýrslu. *Að öðru leiti er lega línu óbreytt skv. Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.*

Efnistaka og haugsvæði	
Í gildandi aðalskipulagi segir m.a. : *„Meginmarkmið aðalskipulagsins er að grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnisþörf til bygginga, vegagerðar og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að óþörfu.* *Lögð verði áhersla á góða umgengni og að fullnýttum svæðum verði lokað með uppgræðslu.* *(Heimilt er þó að bændur geti áfram tekið möl o.fl. í landi sínu til eigin nota, án þess að um sérstök efnistökusvæði sé að ræða).“*	Markmið fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi er að tryggja að framboð á efni sé bæði aðgengilegt og nægjanlegt vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við **Hólasandslínu 3**. Gert er ráð fyrir 20 nýjum efnistökusvæðum innan sveitar-félagsins : **N-04** Drög Bækargils**.** Ný náma. **FNJÓSKADALUR** **N-05** Ofan við Fjósatungu. Ný náma. **N-06** Grjóteyrar, er í námuskrá Vegagerðarinnar. **N-24** Illugasataðir Skerðingar á slóð víkkaðir út. **N-07** Á móts við Belgsá, er í námuskrá Vegagerðarinnar. **N-25** Belgsá. Gömul náma víkkuð út. **N-10** Bakkasel. Gömul náma og útvíkkun á skeringu. **N-08** Sörlastaðir. Gömul smá-náma**.** Til vara. **N-09** Á móts við Belgsá, er í námuskrá Vegagerðarinnar. **N-11** Á móts við Belgsá, er í námuskrá Vegagerðarinnar. **N-26** Á móts við Belgsá, er í námuskrá Vegagerðarinnar. **BÁRÐARDALUR** **N-12** Eyjardalsá. Ný náma. **N-13** Eyjardalsá. Er á ASK Þingeyjarsveitar; E-28. **N-22** Kálfborgará. Ný bergnáma. **N-14** Stórás. Ný náma - jökulárset . **N-15** Stórás. Ný náma - jökulhjallar. **REYKJA- OG LAXÁRDALUR** **N-23** Kamarslækur. Náma til vara. **N-16** Narfastaðafjall. **N-17** Máskot**.** **N-18** Máskot. Lokuð náma**.** **N-30** Norðan Másvatns. Ný náma**.**



Mynd 7
Efnistökusvæði - yfirlitsmynd
Bláir hringir sýna núv. efnistökusvæði innan Þingeyjarsveitar
Rauðir hringir sýna nýja efnistökustaði samfara framkvæmdum við fyrirhugaða Hólasandslínu 3

4 STAÐHÆTTIR

4.1 Staðhættir

Þingeyjarsveit er víðferm og landslag víða stórbrotið. Stærsti hluti sveitarfélagsins er í óbyggðum og nær það alveg inn á Vatnajökul. Aðeins um 15 % sveitarfélagsins er láglendi < 300 m yfir sjávarmáli.

Byggð takmarkast við Fjóskadal, Ljósavatnsskarð, Kaldakinn, Bárðardal, Laxárdal, Reykjadal og Aðaldal. Flestir bæir eru staðsettir neðan 100 m hæðarlínu yfir sjávarmáli en nokkrir bæir eru milli 100 og 200 m hæðarlína. Örfáir bæir efst í Reykjadal og Fnjóskadal og rúmur helmingur bæja í Bárðardal eru staðsettir ofan 200 m hæðarlínu.

Mynd 8
Horft yfir Eyjardal og Bárðardal til norðurs

4.1.2 Eignarhald á landi

Línuleið Hólasandslínu 3 liggur um u.þ.b. 55 jarðir. Framkvæmdin liggur um land í eigu einstaklinga, ríkis, sveitarfélaga eða annarra lögaðila. Stærstur hluti leiðarinnar liggur um land í einkaeigu en um 25% liggur um land í eigu opinberra aðila og tæplega 10% er með blandað eignarhald. Megnið af landi í einkaeigu er í byggð. Land í opinberri eigu eru almennt eyðijarðir, sumar nýttar til skógræktar. Línuleiðin liggur hvergi um þjóðlendur.

4.1.2 Staðhættir legu Hólasandslínu 3

Sjá nánar 5.3.2 (Leiðarval aðalvalkostar).

5 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

5.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Unnið hefur verið mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3.

Ágúst 2017
Hólasandslína 3 - 220 KV. RAFLÍNA FRÁ AKUREYRI AÐ HÓLASANDI - Tillaga að **matsáætlun**[5] lögð fram og kynnt. Á matsáætlunarstigi var ekki lagður fram aðalvalkostur heldur gert ráð fyrir að hann yrði valinn eftir niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og afrakstur frekara samráðs.

Október 2018
Landsnet leggur fram **frummatsskýrslu** fyrir Hólasandslínu 3 til athugunar hjá Skipulagsstofnun. Brugðist hefur verið við athugasemdum í mattskýrslu.

Mars 2019
Hólasandslína 3 – 220 KV. RAFLÍNA FRÁ AKUREYRI AÐ HÓLASANDI - **Matskýrsla**[6] .
Matskýrslu er nýlega lokið (bíður álitsgjafar Skipulagsstofnunar og því ekki orðin opinber (í júní 2019)). Í matsskýrslunni er fyrirhugaðri framkvæmd lýst og lagt mat á áhrif framkvæmdar á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í matsáætlun.

Í umhverfismatinu eru metnir tveir valkostir í Bíldsárskarði og nokkrir valkostir í Laxárdal (bæði lega línu og loftlína/jarðstrengir). Ekki voru metnir aðrir valkostir en aðalvalkostur í Fnjóskadal. Fjallað er um leiðarval aðalvalkostar og rök fyrir honum.

5.2 Skipulagskostir

Þar sem um er að ræða framkvæmd sem fer um stórt landsvæði, hefur **Hólasandslína 3** mismunandi staðbundin áhrif eftir svæðum. Að teknu tilliti til markmiða framkvæmdarinnar og umhverfisáhrifa allra valkosta sem teknir voru til mats, hefur Landsnet lagt fram *aðalvalkost*. Aðalvalkosturinn er sú tilhögun á framkvæmdinni sem Landset telur á þessu stigi að yrði fyrsta val þegar kemur að því að sækja um framkvæmdaleyfi.

5.2.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur felur í sér byggingu á 220 kV raflínu - **Hólasandslínu 3** - milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og nýs tengivirkis á Hólasandi, alls 72 km leið. Gert er ráð fyrir að fyrstu 10 km línuleiðarinnar verða jarðstrengir, lagðir í tveimur áföngum í sitt hvort skurðstæðið, með slóð á milli, í að meðaltali um 17 m breiðu belti. Loftlínur yrðu bornar uppi af 185 M-röramöstrum. Framkvæmdinni fylgir lagning um 30 km af nýjum slóðum en einnig verða eldri slóðar nýttir og styrktir. Á burðarhæfu ógrónu landi (t.d. á Hólasandi) er ráðgert að aka án slóðagerðar með aðfluttu efni. Þörf fyrir fyllingarefni er metið 267.000 m3.

[5] Efla verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets.

[6] Efla verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets.



Mynd 9

Fyrirhuguð lega Hólasandslínu 3 samkvæmt aðalvalkosti Landsnets.

5.3.2 Leiðarval aðalvalkostar

Efst í **Bíldsárskarði** mætir línuleiðin Kröflulínu 1 og liggja línurnar þaðan samhliða yfir í Fnjóskadal, ofan við byggðina, en lækka sig smám saman niður í dalbotninn.

Í landi Sellands í **Fnjóskadal** stendur Kröflulína 1 það nærri bökkum Fnjóskár að ekki er pláss fyrir nýja línu nær árbakkanum. Í undirbúningsferlinu var skoðað að hliðra Kröflulínu 1 lítillega til vesturs á þessum kafla til að nýja línan kæmist fyrir vestan Fnjóskár. Þar sem skammt er í sumarhúsasvæði vestan Kröflulínu 1 var hins vegar valinn sá kostur að fara með **Hólasandslínu 3** austur yfir Fnjóská lítillega út úr línulegu núverandi línu. Liggja því línurnar hvor sínu megin Fnjóskár á 2,5 km kafla.

Vegna ábendinga, sem komu frá eigendum Sellands var sérstaklega skoðaður sá valkostur að leggja línuna norðan Fnjóskár, um Belgsárhöfða og yfir ána sunnan við Klifhól, þannig að línan færi ekki um land Sellands. Niðurstaðan var að ekki þótti koma til álita að fara með línuna yfir Belgsárhöfðann, m.a. vegna þess að hana bæri þá hátt og væri mjög sýnileg víða í dalnum. Til að koma til móts við þessi sjónarmið var farinn millivegur og línustæðið fært allt að 200 m til norðurs þannig að hún lægi þar sem landið er lægst sunnan undir höfðanum og sýnileiki lágmarkaður. *Þessi lausn er nú hluti af aðalvalkosti*.

Sunnan við ármót Bakkaár og Fnjóskár koma línurnar aftur saman og liggja samhliða inn dalinn fram hjá Snæbjarnarstöðum og Sörlastöðum og síðan upp í Hellugnúpsskarð áleiðis yfir í **Bárðardal**.

Í **Fnjóskadal** fer línuleiðin inn á tvö svæði á náttúruminjaskrá, Mela við Illugastaði (í útjaðar Bleikmýrardals.



Mynd 10
Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 í Fnjóskadal (blá lína).



Mynd 11
Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 um Hellugnúpsskarð milli Fnjóskadals og Bárðardals

Línuleiðin liggur samhliða Kröflulínu 1 niður **Eyjardal** og þverar síðan **Bárðardal** skammt sunnan ármóta Skjálfandafljóts, Eyjardalsár og Kálfborgarár. Yfir **Fljótsheiði** liggur leiðin norðan Arnarvatns og yfir Narfastaðafell við **Reykjadal**.



Mynd 12
Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 um Bárðardal, Fljótsheiði og Reykjadal (blá lína)

Reykjadalur er þveraður milli Brúnar (Hrísa) og Máskots og er þar farið yfir þjóðveg 1. Línuleiðin liggur síðan norðan við Másvatn og Kalmanstjörn að Laxárdal (mynd 13).

Hólasandslína 3 beygir til suðausturs úr línugötu Kröflulínu 1 þegar nálgast **Laxárdal** og þverar dalinn um 1,2 km sunnan við núverandi þverun. Línuleið *aðalvalkostar* liggur um svæði þar sem lengra er til næstu húsa og fjær vinsælum veiðistöðum í Laxá. Línuleiðin liggur yfir Varastaðaskóg (Ljótsstaðaskóg) - svæði á náttúruminjaskrá (523) -, verndarsvæði Mývatns og Laxár og eldhrauni sem nýtur sérstakarar verndar. Verndarsvæði Mývatns og Laxár liggur frá Mývatni eftir Laxárdal alla leið til sjávar. Illmögulegt er því að koma raflínu milli Akureyrar og Hólasands, án þess að þvera verndarsvæðið, sem er að jafnaði um 400 - 600 m breitt í dalnum. Samkvæmt *aðalvalkosti* verður dalurinn þveraður í einu löngu hafi. Verða engin möstur og því ekkert rask í dalnum innan verndarsvæðisins. Eitt mastur mun lenda innan Varastaða-skógar, en í mastursstæðinu er enginn trjágróður og því engin röskun á skógi.



Mynd 13
Aðalvalkostur Hólasandslínu 3, þverun Laxárdals

Austan Laxár þverar línuleiðin Kröflulínu 1 sem liggur að Kröfluvirkjun, en Hólasandslína 3 liggur til norðausturs að væntanlegu tengivirki á Hólasandi, þar sem í dag er horn á Kröflulínu 4 (mynd 14).



Mynd 14
Aðalvalkostur Hólasandslínu 3 á Hólasandi

5.3.3 Aðrir valkostir

Ýmsir valkostir voru lagðir fram til mats. Í umhverfismatinu voru metnir tveir valkostir í Bíldsárskarði og nokkrir valkostir í Laxárdal (bæði lega línu og loftlína/jarðstrengir). Ekki voru metnir aðrir valkostir en *aðalvalkostur* í Fnjóskadal.

Tafla 2
Samantekt valkosta, sem lagðir eru fram í til mats á umhverfisáhrifum.

Fyrstu tveir einkennisstafir valkosta táknastaðsetningu þar sem BI=Bíldsárskarð og LA=Laxárdalur.
Þriðji einkennisstafur segir til hvort um loftlínu (L) eða jarðstreng (J) sé að ræða.
Fjórði stendur fyrir undirborun (U) eða norður (N)

EINK. STAFIR	*HEITI VALKOSTAR*	*LÝSING*
A	*Aðalvalkostur*	*Jarðstrengur 9,6 km frá Akureyri að Vaðlaheiði og loftlína 61,7 km frá Vaðlaheiði að Hólasandi. Samtals 71,3 km.*
BI-LN	*Loftlína norðan Bíldsár*	Loftlína 4,0 km, í norðanverðu Bíldsársskarði, samhliða Kröflulínu 1. Hliðrun Kröflulínu 1 á 1,5 km kafla.
LA-LN	*Laxárdalur – loftlína samhliða Kröflulínu 1*	Loftlína 5,2 km, samhliða Kröflulínu 1 í 1.023 m hafi yfir Laxárdal.
LA-J	*Laxádalur –jarðstrengur/grafinn*	*Jarðstrengur 1,2 km grafinn gegnum verndarsvæði Mývatns og Laxár, auk 4,2 km langrar loftlínu að aðalvalkosti.*
LA-JU	*Laxárdalur – jarðstrengur/undirborun*	*Jarðstrengur 2,6 km boraður undir verndarsvæði Mývatns og Laxár en grafinn í hlíðum Laxárdals, auk 2,7 km langrar loftlínu að aðalvalkosti.*

5.3.2.1 LOFTLÍNA NORÐAN BÍLDSÁR (BI-LN)

Metin voru umhverfisáhrif línuleiðar norðan Bíldsár samhliða Kröflulínu 1. Til að koma línunni í ásættanlegt línustæði, m.a. með tilliti til þrengsla og ísingarálags, þyrfti að hliðra Kröflulínu 1 á um 1,5 km kafla. Í drögum að tillögu að matsáætlun var gert ráð fyrir að skoða einungis leið norðan Bíldsár en ábending barst frá landeiganda um að línuleiðin lægi um vatnsverndarsvæði nálægt vatnsbólum. Var því einnig skoðuð línuleið sunnan Bíldsár og er hún nú aðalvalkostur Landsnets. Nyrðri leiðin er um 200 m lengri ensú syðri, 4,0 km á móti 3,8 km aðalvalkostar.



Mynd 15
Valkostur norðan Bíldsár (bleik lína), hliðra þarf Kröflulínu 1 á um 1,5 km kafla fari Hólasandslína 3 um norðanvert skarðið

5.3.2.2 LOFTLÍNUKOSTUR Í LAXÁRDAL – SAMHLIÐA KRÖFLULÍNU 1 (LA-LN)

Valkosturinn felst í þverun Laxárdals með loftlínu, samhliða núv. loftlínu, Kröflulínu 1. Reist verða möstur á brúnum dalsins og línan strengd yfir dalinn í löngu hafi, þannig að ekki verða reist möstur innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Á austurbrún Laxárdals beygir Kröflulína 1 til suðausturs að Krófluvirkjun en loftlínukostur Hólasandslínu 3 beygir til norðausturs að tengivirki á Hólasandi. Þessi loftlínukostur er 1,2 km norðar en aðalvalkostur og fer yfir náttúruverndarsvæði Varastaðaskógar norðan við hinn eiginlega skóg, þar sem mjög lítið er um trjágróður. Haflengd valkostarins yfir Laxárdal er 1.002 m eða lítillega lengri en haflengd aðalvalkostar, sem er 1.000 m. Hvorugur kosturinn raskar landi innan verndarsvæðisins.



Mynd 16
Loftlínukostur norður í Laxárdal, sýndur með ljósblárri línu. Valkosturinn er samhliða núverandi loftlínu, Kröflulínu 1 yfir Laxárdal. Aðalvalkostur er sýndur með dökkblárri línu. Þverunarmöstur á brún Laxárdals eru sýnd með hvítum punktum.

5.3.2.3 JARÐSTRENGSKOSTIR VIÐ ÞVERUN LAXÁR Í LAXÁRDAL (LA-J OG LA-JU)

Lagt var mat á umhverfisáhrif tveggja jarðstrengskosta við þverun verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Laxárdal. Annar kosturinn (LA-J) er sá að þvera verndarsvæðið, hraun og á, með um 1,2 km löngum jarðstreng sem lagður er í grafinn / fleygaðan skurð. Strengendavirki verða skammt utan marka verndarsvæðisins (mynd 17) og loftlína þaðan að aðalvalkosti. Hinn valkosturinn (LA-JU) er að leggja 2,6 km langan jarðstreng sem yrði grafinn á hefðbundinn hátt í hlíðar dalsins en dreginn í um 300 m löng rör sem komið er fyrir með undirborun undir hraunið á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Strengendavirki eru reist nokkru ofan við dalsbrúnir (mynd 18) og loftlína þaðan til beggja átta.



Mynd 17
1,2 km langur jarðstrengskostur í Laxárdal (LA-J) er sýndur með appelsínugulri brotinni línu. Loftlína að strengnum er sýndmeð appelsínugulri heilli línu



Mynd 18
2,6 km langur jarðstrengskostur í Laxárdal (LA-JU) er sýndur með bleikri línu.

5.3.4 Efnistökusvæði

Metin voru umhverfisáhrif af 20 efnistökusvæðum vegna framkvæmda við **Hólasandslínu 3** innan sveitarfélagsins. Heildarefnisþörf aðalvalkostar (þ.m.t. fylliefni við möstur og slóðagerð) er metin 267.000 m3. Nokkrar námur sem ráðgert er að nota í framkvæmdunum eru þegar á skipulagi og/eða í rekstri. Efnisgæði námanna hafa ekki verið rannsökuð og geta því einsaka námur brugðist og dottið út. Til að bregðast við slíku er áætlað magn úr hverri námu 40% meira en efnisþörf á viðkomandi svæði.

Að framkvæmdum loknum verður yfirborð efnistökusvæða jafnað til samræmis við aðliggjandi svæði þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu.



Mynd 19

Yfirlit yfir efnistökustaði í mati á umhverfisáhrifum vegna Hólasandslínu 3

Fnjóskadalur

N-04 Bíldsárskarð
Sendið moldarkennt efni er við lækjardrögin efst á Bíldsárskarði þar sem núverandi slóð þverar drög Bæjargils og hugsanlega er jökulruðningur upp í kanti skammt austan við drögin. Gera þarf að ráð fyrir fínefnaríku og lélegu efni og er hvorugur staðurinn öruggur efnistökustaður. Með tilliti til þess hve erfitt að koma efni upp á skarðið verður að gera sér það efni sem finnst að góðu.

N-05 Ofan Fjósatungu
Hugsanlega er hægt að vinna malarefni úr smáum hjöllum frá vegamótum slóðar frá Fjósatungu að mastursstæðinu. Hægt er að samtvinna sneiðing á slóðinni við hugsanlegt efnistökusvæði og fella saman röskuð svæði.

N-06 Grjótáreyrar
Grjótáreyrar eru í námuskrá Vegagerðarinnar og þar hefur verið tekið töluvert efni gegnum tíðina. Svæðið hentar vel til efnistöku, áreyrarnar flæmast um og munu afmá ummerki um efnistöku með tímanum. Þar er enginn bakkagróður.

N-24 Illugastaðir, skeringar á slóð
Við Illugastaði er náma á aðalskipulagi. Væntanlega hefur á sínum tíma verið efnistaka neðan vegar og niður að ánni. Þar sem slóðin þræðist upp á hjallann eru tveir hólar sem gætu verið ákjósanlegir efnistökustaðir og yrðu þá felldir inn í skeringu vegna slóðarinnar. Báðir staðirnir eru í hvarfi frá Illugastöðum og frá vegi.

N-07 Á móts við Belgsá
Efnistökustaðir í námuskrá Vegagerðarinnar. Gamla slóðin upp að Kröflulínu 1 fer eftir útjaðri námunnar. Hægt er að fella efnistöku inn í núverandi raskað svæði án þess að ganga á gróið land.

N-25 Belgsá
Á áreyrum Belgsár er malarhjalli sem áin á sinni árkeilu hefur flæmst beggja vegna við. Efni hefur þegar verið tekið úr um 600 m^2 svæði í jarðmynduninni. Efnið er nokkuð hrein möl og sandur.

N-10 Bakkasel
Við brúnna á Bakkaá eru malarhjallar sem nýttir hafa verið til efnistöku. Þar eru tvö ca. 300 m2 svæði við veginn, sem hægt er að vinna úr og móta betur að landinu í verklok.

N-08 Sörlastaðir
Gömul smánáma í malarhjalla á slóð 200m neðan við línuveginn upp á Hellugnúpsskarð. Efnisgerð er möl og sandur. Náman er sett inn sem varanáma. Væri hægt að stækka í 2.000 m^2 án þess að raska grónu yfirborði.

N-09 Bakkaá
Á slóð frá Sörlastöðum niður að Bakkaá er um 3.000 m^2 svæði sem hentar ágætlega til efnistöku, svæðið er sem fyrr segir og góðri fjarlægð frá ánni og hefur ekki áhrif á hana né bakkagróður. Að mestu melur á yfirborði, efnisgerð líklega sandur og möl, hugsanlega með einhverjum óhreinindum.

N-11 og N-26 Hellugnúpsskarð
Grjóthólar ofarlega á slóð upp Hellugnúpsskarð. Mjög stórgrýtt og gróft efni, e.t.v. helst til of gróft til að nota beint í slóðagerð og gæti þurft að brjóta það með forbrjót. Svæðin eru algjörlega gróðursnauð.

Bárðardalur

N-12 Eyjardalsá (Hellugnúpsskarð)
Meðfram Eyjardalsá eru afgerandi malarhjallar að austanverðu sem áin hefur grafið niður. Mikill Svæðið er nær gróðursnautt. Efnistaka mun ekki hafa áhrif á bakkagróður. Nokkuð auðvelt ætti að vera að fella efnistökusvæðið að landinu umhverfis að efnistöku lokinni.

N-13 Eyjardalsá (Bárðardalur)
Náman er á aðalskipulagi Þingeyjasveitar (nr. E-28).

N-22 Kálfaborgará
Skammt vestan við Kálfaborgará, þar sem línuleiðin þverar ánna, er smástuðlaður klapparkollur sem gæti hentað sem klapparnáma ef ekki reynist vera nothæft efni í eða við Stóraás.

N-14 og N-15 Stóriás
Stóriás á vestanverðri Fljótsheiði er gríðarmikill jökulgarður. Um Stóraás liggur gamla Mývetningaleiðin á milli Bárðardals og Mývatnssveitar, frá Arndísarsöðum að Helluvaði. Við skarð í ásnum þar sem líkur eru á að finna nothæft efni eru merkt 2 efnistökusvæði N-14 og N-15. Annars er ásinn að mestu gerður úr föstum jökulruðningi sem er varla græfur nema rétt í yfirborði.

Reykja-og Laxárdalur

N-23 Kamarslækur
Við Kamarslæk er jarðmyndun, líklega jökulrænt set, sem ekki hefur verið rannsökuð en er til vara á listanum. Melur er á yfirborði og rask á gróðurlendi því lítið.

N-16 Narfastaðafjall
Á austanverðri Narfastaðaheiði er hugsanlegur efnistökustaður í jökulruðningi. Efnisgæði eru trúlega lítil en vegna þess hve lítið er um nothæft efni á þessu svæði verður að láta reyna á hvort hægt sé að ná þarna nothæfu efni.
Á miðju jökulruðningsholtinu er varða reist af landmælingadeild herforingjaráðs Dana sem hefur sögulegt gildi (sjá kafla **Error! Reference source not found.**). Til að tryggja að varðan sé ekki í hættu vegna efnistöku efur afmörkun efnistökusvæðisins verið breytt frá upphaflegri áætlun, þannig að efnistaka er áætluð úr sitt hvorum enda holtsins.

N-17 Við bæinn Máskot
Í námuskrá Vegagerðarinnar nr. 19684. Nokkrir jökulruðningshólar eru rétt neðan við hringveginn um Reykjadal. Möguleg efnistökusvæði eru beggja vegna við afleggjara að Víðum, en einnig þar sem Kröflulína 1 þverar veginn. Efnið er líklega fremur óhreint og í takmörkuðum magni, en ef ekkert annað finnst gæti gengið að nota þessa námu.

N-18 Máskot
Skráð sem lokuð bergnáma í námuskrá Vegagerðinnar (nr. 19010). Um er að ræða set- og bergnáma frá lagningu hringvegarins. Náman hefur væntanlega verið í botnruðningi og jaðarhjalla til að byrja með, en síðar verið unnið efni úr bergi. Náman er frágengin, fyrir utan örfáa efnishauga. Náman er hugsuð til vara ef aðrir efnistökustaðir ganga ekki upp.

N-30 Norðan Másvatns
Norðan Másvatns er hugsanlegur efnistökustaður á opnu svæði á mel og við rofkanta. Þarna er mögulega hægt að taka efni án þess að raska gróðurþekju stórvægilega. Jarðmyndunun hefur ekki verið rannsökuð en líklega er um að ræða jökulrænt set af frekar litlum gæðuð með tilliti til mannvirkjagerðar.

Tafla 3

Áætlað efnismagn og efnistökusvæði sem skoðuð voru í tengslum við matið.

Nr.		Áætluð notkun m. 40% álagi (m^3)	Áætlað flatarmál efnistöku (m^2)	Nafn – Lýsing – athugasemdir	Staða
N-04	Eyjaf.	30.000	10.000	Drög Bæjargils, ný náma, ekkert rannsakað	Nýtt
N-05	Fnjóskadalur	10.000	5.000	Ofan við Fjósatungu, ný náma, ekkert rannsakað	Nýtt
N-06		23.000	7.000	Grjótáeyrar, er í námuskrá Vegagerðarinnar.	Vg
N-24		16.000	4.000	Illugastaðir, skeringar á slóð víkkaðar út	Gamalt
N-07		5.000	1.500	Á móts við Belgsá, er í námuskrá Vegagerðarinnar.	Vg. 19952
N-25		7.000	2.500	Belgsá, gömul náma víkkuð út.	Gamalt
N-10		11.000	3.500	Bakkasel, Gömul náma og útvíkkun á skeringu	Gamalt
N-08			1.000	Sörlastaðir, gömul smá-náma	*Til vara*
N-09		18.000	6.000	Bakkaá, gömul náma	Gamalt
N-11		10.000	4.000	Hellugnúpsskarð, ný náma, ekkert rannsökuð	Nýtt
N-26		15.000	5.000	Hellugnúpsskarð, ný náma, ekkert rannsökuð	Nýtt
N-12	Bárðardalur	32.000	12.000	Eyjardalsá, ný náma, ekkert rannsökuð	Nýtt
N-13		10.000	3.000	Eyjardalsá. Er á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar	Ask Þing E-28
N-22		10.000	3.000	Kálfborgará, ný bergnáma, smástuðluð klöpp, ekkert rannsakað	Nýtt
N-14		25.000	8.000	Stórás, ný náma, jökularset, ekkert rannsakað	Nýtt
N-15		25.000	8.000	Stórás, ný náma, jökulhjallar, ekkert rannsakað	Nýtt
N-23	Reykja- og Laxárdalur		5.000	Kamarslækur. Náma til vara, á eftir að rannsaka, ólíkleg	Nýtt
N-16		25.000	8.500	Narfastaðafjall, melur, lélegt efni, Á eftir að rannsaka, líklega léleg	Nýtt
N-17		17.000	6.000	Máskot, þarf að rannsaka, líklega lélegt efni	Vg. 19684
N-18			5.000	Máskot. Lokuð bergnáma	Vg. 19010 *Til vara*
N-30		33.000	12.000	Norðan Másvatns, ný náma, ekkert rannsakað	Nýtt

5.4 Heildaráhrif

Niðurstaða matsins er að heildaráhrif framkvæmdarinnar verði talsvert neikvæð á gróður, nokkuð neikvæð á fugla, landslag og ásýnd, útivist og ferðamennsku, en lítil eða engin á aðra umhverfisþætti. Lagðar eru til mótvægisaðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar.

Í neðangreindri töflu má sjá samanburð á áhrifum þeirra valkosta sem metnir voru við aðalvalkost á sambærilegum kafla. Sá valkostur sem er talinn hafa minnst áhrif af valkostum innan svæðis, er auðkenndur með **gulum lit** í töflu þar sem við á.

Tafla 4
Í Bildsárskarði;
loftlína sunnan (aðalvalkostur) og norðan (BI-LN) skarðs.

Í Laxárdal;
loftlína um 1 km sunnan Kröflulínu 1 (aðalvalkostur) og þrjár þverunarútfærslur við Kröflulínu 1, þ.e. loftlína (LA-LN), stuttur grafinn jarðstrengur (LA-J) og lengri jarðstrengur boraður undir Laxá (LA-JU).

UMHVERFISÞÁTTUR					EYJAFJARÐARÁ			BÍLDSÁRSKARÐ		ÞVERUN LAXÁRDALS			
					Aðal	EY-JB	EY-JU	Aðal	BI-LN	Aðal	LA-LN	LA-J	LA-JU
Gróður og vistgerðir					●●●	●●●	●●	●●●	●●●	●●●	●●●	●●●	●●●
Fuglar					●●	●●	●	●	●	●●●●	●●●●	●●	●●
Vatnalíf					●●	●	0	0	0	0	0	●●	0
Jarðmyndanir					●	●	●	●	●●	●	●	●●●	●
Landslag og ásýnd					●●	●●	●●	●●	●●	●●	●●	●●/ ●●●	●●
Útivist og ferðamennska					●/ ●●	●/ ●●	●/ ●●	●●/ ●●●	●●/ ●●●	●●/ ●●●	●●●/ ●●●●	●●●/ ●●●●	●●/ ●●●
Fornleifar					0	0	0	●●	●●	●●	●●	●●	●●
Náttúruverndarsvæði					●	●	●	0	0	●●	●●	●●●	●●●
Vatnsvernd og neysluvatn					0	0	0	●	●●●●	●	●	●●●	●●●
Landnotkun og skipulag					●	●	●	●	●	●	●	●	●

Skýringar: 0 = engin áhrif; ● = óverulega neikvæð áhrif; ●● = nokkuð neikvæð áhrif; ●●● = talsvert neikvæð áhrif; ●●●●=verulega neikvæð áhrif

6 SKIPULAGSFERLIÐ

6.1 Skipulagsgögn

Lagður verður fram breytingaruppdráttur á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar ásamt breytingum á viðeigandi skýringarkortum, greinargerð og umhverfisskýrslu.

6.2 Kynning og samráð

Í skipulagslögum nr. 123/2010 og í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram hvernig kynningum og samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila skal háttað á hinum ýmsu stigum skipulags-ferlisins.

Með framlagningu og kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið áður en gengið verður frá aðalskipulagsbreytingu og hún auglýst.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingum í blöðum og á vef sveitarfélagsins www.thingeyjarsveit.is. Lýsingin mun verða aðgengileg á opnunartíma skrifstofu Þingeyjarsveitar; Kjarna, 650 Laugum.

6.3 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum.

Skipulags- og matslýsing aðal-skipulagsbreytingar Þingeyjarsveitar verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Skógræktin
- Landvernd
- Landgræðsla ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Aðliggjandi sveitarfélög
  - Norðurþing
  - Skútustaðahreppur
  - Eyjafjarðarsveit
  - Svalbarðsstrandarhreppur
  - (Grýtubakkahreppur)

6.4 Tímaáætlun (drög)

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum. Birt með fyrirvara um breytingar :

MAÍ / JÚNÍ 2019
Skipulags- og matslýsing (skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga) samþykkt af skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar. Send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin er kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn er þriggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.

JÚLÍ / ÁGÚST 2019
Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir í skipulagsnefnd og sveitarstjórn, þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar. Tillaga endanlega samþykkt til auglýsingar skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga.

SEPTEMBER 2019
Tillaga auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. Gefinn er 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.

NÓVEMBER 2019
Tillaga afgreidd í sveitarstjórn með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til.
Send Skipulagsstofnun í samræmi við skipulagslög.

DESEMBER 2019 / JANÚAR 2020
Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B- deild stjórnartíðinda.

Tafla 5
Tímaáætlun



7. HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Þingeyjasveitar 2010-2022.

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025.

Hólasandslína 3. 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Matsskýrsla. Mars 2019. EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Landsnets.

Hólasandslína 3. Ákvörðun um matsáætlun. 5. janúar 2018. Skipulagsstofnun.

Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027.

Landsskipulagsstefna 2015-2026. September 2016. Skipulagsstofnun.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Raforkulög nr. 65/2003 m.s.br.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar : 2012-2024 : Breyting vegna flutningslína raforku – Skipulagslýsing (Janúar 2018).

Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Samþykkt á Alþingi 28. maí 2015.